



## Mosfellbær

b/t Haraldar Sverrissonar  
Afrít á Arnar Jónsson staðgengil bæjarstjóra  
Þverholti 2,  
270 Mosfellbæ

Varðar: Eignasjóður, innri leiga og viðhald eigna

---

Fyrir fjárhagsáætlunargerðina óskaði ég vinsamlegast eftir gögnum er varðaði Eignasjóð Mosfellsbæjar og innri leigu með tölvupósti til Péturs J. Lockton, fjármálastjóra Mosfellsbæjar, 13. september sl. Svar barst honum fyrir milligöngu þinni til mín þann 17. september.

Í erindinu frá fjármálastjóra segir: Meðfylgjandi eru umbeðnar upplýsingar um innri leigu hjá Eignasjóði og Fasteignafélaginu Lækjarhlíð ehf síðastliðin 10 ár á verðlagi hvers árs. Innri leiga er reiknuð út frá eignfærslu á viðkomandi deildir eða fasteignir. Fasteignir bæjarins hafa oft mörg fastanúmer og sumar hafa ekki fastanúmer svo innri húsaleiga er ekki reiknuð niður á fastanúmer heldur á fasteignina sem heild. Fasteignir sem bærinn hefur á leigu eru leigðar af Eignasjóði og framleigðar með innri leigu til viðkomandi stofnunar sbr. Listaskóli, bókasafn, Héraðsskjalasafn og 2. hæð í Kjarna. Í reglugerð nr. 1212/2015 er fjallað um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga.“.

Ég þakka kærlega fyrir þau gögn sem hafa borist um innri leigu. Með þessu erindi, samhliða því að fá málið á dagskrá bæjarráðs, er að óska vinsamlegast eftir upplýsingum sem skilgreindir eru varðandimálaflokkagreiningu í 9. gr. reglugerðar nr. 1212/2015. Það er nr. 10-3 í flokknum Umferðar- og samgöngumál, viðhald og rekstur gatnakerfis. Einnig nr. 37-3750 í flokknum Önnur þjónustukaup, viðhaldsþjónusta. Óskað er eftir þessum gögnum yfir sama tíma bil og fyrri gögn sem bárust 17. september sl. Einnig er mikilvægt að fá greiningu eftir eignagerð innan Eignasjóðs Mosfellsbæjar og listað upp hvaða eignir falla þar undir ákveðna tilgreina afskriftarkröfu. Í 3. mgr. 9. gr. framangreindrar reglugerðar segir: „Til lengri tíma litið skal eignasjóður láta leigutekjur vegna einstakra eigna standa undir rekstrarkostnaði þeirra, þar með töldum afskriftum og fjármagnskostnaði.“. Það er mikilvægt að hæg sé á fundinum að ná utan um þessa þætti þannig að hægt sé að gera sér glögga grein fyrir því hve mikið fer í viðhald m.t.t. til þeirra krafna sem gerðar eru.

Því ítreka ég þá beiðni sem áður barst og óska eftir að dagskrárliðurinn hafi yfirskriftina: „, Eignasjóður, innri leiga og viðhald eigna.“.

Mun ég jafnframt leggja einhver gögn fyrir fundinn sem tengjast þessum dagskrárlið.

**Mosfellsbæ 8. nóvember 2021**

**Virðingarfyllst,  
Sveinn Óskar Sigurðsson  
Fulltrúi Miðflokksins í bæjarstjórn og  
Bæjarráði Mosfellsbæjar**